

Stjórnarfundur 10. mars 2026

Siglingafélagið Vogur – Garðabæ

Fundinn sátu

- Erlendur Kristjánsson – Formaður
- Helga Raket Guðrúnardóttir
- Friðbjörn Óskar Erlingsson
- Jón Víðir Þorsteinsson
- Svanur Daníelsson

Dagskrá

Fundur haldinn að Ránargrund 2.

- Litum yfir svæðið að Ránargrund 2 og pallinn sem þar er verið að útbúa. Umræða um framtíðarfyrirkomulag á lóð s.s. skolaðstöðu, fiskikör sem potta og gufubað.
- Umræða um samskipti við Garðabæ út af verkefninu Betri Garðabær og úthlutun fyrir skolaðstöðu úr verkefninu.
- Skoðuðum teikningar af fyrirhuguðum útisturtum og skolaðstöðu fyrir báta og saúm að það þarf að gera einhverjar breytingar á þeim.
 - Huga verður að það sé nægilegt pláss til að bakka bíl með bát niður rampinn.
- Umræða um skil til RSK, breytingu á lögheimili, móttöku á bréfpósti og öðru því tengdu.
- Umræða um breytingar á nafni félagsins í lögum félagsins. Núna er það skráð í fyrirtækjaskrá sem „Vogur,siglingarklúbbur“ en væri betra ef það hétu:
 - Siglingafélag Garðabæjar – Vogur
 - Siglingafélagið Vogur, Garðabær
 - Siglingafélagið Vogur
- Rætt um að halda samkeppni um nafnið á vef félagsins og draga út verðlaun fyrir þátttakendur.
- Umræða um búnaðarmál og geymslu á búnaði. Einnig hvernig fjármagna má búnaðarkaup.

Fundargerð ritaði: Helga